

Fundargerð

Aðalfundur FHA haldinn 20. maí 2020 kl. 15:00

Guðmundur Kr. Óskarsson setti fundinn með dagskrá og stakk upp á að Guðmundur Kr. Óskarsson yrði fundarstjóri og Stefán Guðnason fundarritari, sem fundarmenn samþykktu.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið á heimasíðu félagsins. Hún var samþykkt án athugasemda.

2. Skýrsla stjórnar

Guðmundur Kr. Óskarsson úr hlaði *Skýrslu stjórnar Félags háskólakennara á Akureyri starfsárið 2019-2020*, sbr. fylgiskjal. í fjarveru formanns vegna veikinda. Guðmundur skýrði einstök atriði samhliða yfirferð yfir skýrsluna.

Rætt um ýmis mál í umræðum um skýrsluna. Ábending kom fram um að bæta við í skýrsluna nýju fyrirkomulagai við matarpeninga sem komust í gagnið á starfsárinu.

Skýrslan var samþykkt án athugasemda.

3. Endurskoðaðir reikningar

Ása Guðmundardóttir, kynnti reikninga félagsins og skýrði frá fjárhag félagsins. Reikningar voru samþykktir án athugasemda.

4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga

Nýir félagar voru samþykktir með fyrirvara um að listi með nöfnum 22 nýrra félaga sé réttur, sbr. fylgiskjal. Í félaginu eru 160 meðlimir.

Inntaka hinna nýju félaga var samþykkt, með fyrirvara um að nafnalistinn sé réttur.

5. Ákvörðun um árgjald

Umræður urðu um hvort ætti að lækka árgjaldið eða ekki. Stjórn lagði til að félagsgjöld verði lækkuð um 0,1% eða verði 0,9% af heildarlaunum félagsmanna. Kosið var um hvort ætti að lækka gjaldið niður í 0,9% eða vera með það óbreytt. Ákveðið var að halda óbreyttu árgjaldi eftir kosningu. 11 kusu óbreytt árgjald, 3 kusu fyrir lækkuðu árgjaldi og þrír sátu hjá.

6. Tillögur til lagabreytinga

Engar tillögur höfðu borist innan tilskilins frests þannig að þessi liður var ekki tekin fyrir sérstaklega.

7. Kosning formanns

Hjördís Sigursteinsdóttir bauð sig fram til endurkjörs. Engin mótframboð bárust. Formaður var kosinn einróma.

8. Kosning stjórnar

Aðalmenn:

Helgi Freyr Hafþórsson og Sigríður Sía Jónsdóttir voru endurkjörin til tveggja ára, án mótframboðs.

Varamenn:

Margrét Elísabet Ólafsdóttir og Stefán Guðnason voru endurkjörnir varamenn til eins árs, án mótframboðs.

9. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings

Eftirtaldir eru rétt kjörnir skoðunarmenn ársreiknings:

Stefán Jóhannsson og Stefán Sigurðsson einróma endurkjörin.

10. Kosning samninganefndar/Samstarfsnefnd

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður, Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru einróma endurkjörin.

11. Önnur mál

- a. Námssjóður vegna starfsmanna í lægra starfshlutfalli en 50%. Ákveðið að halda sjóðnum áfram í eitt ár í viðbót.
- b. Fyrirspurn barst úr sal varðandi vinnumatmatssjóðinn, hvernig staðan er á honum vegna Covid. Fundarstjóri hefur ekki upplýsingar um hvernig það fer að svo stöddu. Almenn umræða um vinnumatssjóðinn í kjölfarið.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan kl. 16:30

Stefán Guðnason, fundarritari